

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. desember 2024  
Málsnúmer: 202411-0048  
SS

**Efni: Umsögn um rannsóknarleyfi vegna leitar á jarðefnum á hafsbotni utan netlaga í Eyjafirði.**

Vísað er í tölvubréf frá Orkustofnun, dags. 27. nóvember 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Hafnasamlags Norðurlands um leyfi fyrir leit og rannsóknum á jarðefnum og rannsóknum á lífríki á hafsbotni utan netlaga í Eyjafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og gerir ekki athugasemdir við að rannsóknarleyfin verði gefin. Stofnunin vill hins vegar árétta að fyrirhuguð efnistökusvæði eru bæði tvö nálægt árósasvæðum sem metin eru með hátt verndargildi vegna fjöruvistgerða og fuglalífs. Bæði Hörgárósar og Laufásósinn eru á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) þá hafa leirusvæði utan við Laufárós verið tilnefnd sem möguleg svæði fyrir B-hluta náttúruminjaskrá. Fyrirhuguð efnistökusvæði eru fyrir utan afmörkun C-hlutasvæða en skarast eilítið við afmörkun á tillögunni fyrir B-hluta. Náttúrufræðistofnun telur hættu á að efnistaka geti haft neikvæð áhrif á þau leirusvæði.

Áætluð efnistaka er sömuleiðis ekki í mikilli fjarlægð frá friðlýstum hverastrýtum. Mikilvægt er að huga að því hvort og hvernig bæði rannsóknir og möguleg efnistaka og efnisflutningar geta haft áhrif á þessar merku náttúruminjar.

Jákvætt er að kanna á betur botndýralíf og búsvæðanotkun fiska og annarra lífvera á fyrirhuguðum efnistökusvæðum sem undirbúningur fyrir mögulegt mat á umhverfisáhrifum. Þó það tengist ekki útgáfu þessa rannsóknarleyfis mun verða mjög brýnt að leggja mat á áhrif efnistökkunnar á aðliggjandi árósasvæði og lífríki þeirra þ.m.t. fjöruvistgerðir og fuglalíf, búsvæði laxfiska o.fl. sem og friðlýstar hverastrýtur eins og áður kom fram.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar